

Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2  
800 Selfossi

Selfossi 14. október 2019

### Efni: Ósk um aukna tónlistarkennslu í Sveitarfélaginu Árborg frá hausti 2020.


Sveitarfélagið Árborg fór þess á leit við Tónlistarskóla Árnésinga að óskir um aukna tónlistarkennslu haustið 2020, bærust fyrir 1. nóvember 2019. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um íbúapróun og fjölda klst. frá 2007. Um leið eru raktar ástæður þess að óskað er eftir aukningu.

#### Fjölgun íbúa – hlutfallsleg fækkun klst.

Íbúum í Sveitarfélaginu Árborg hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum. Klukkustundum til tónlistarkennslu í sveitarfélaginu hefur hins vegar fækkað hlutfallslega á sama tíma eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan.

(Ef farið er enn aftur í tíma hækkar hlutfallstalan enn frekar og er t.d. 3,18% árið 2003).

	Íbúar	Klst.	%
2007	7.311	205,50	2,81
2008	7.635	212,00	2,78
2009	7.922	198,50	2,51
2010	7.811	196,00	2,51
2011	7.827	196,38	2,51
2012	7.783	194,00	2,49
2013	7.826	201,25	2,57
2014	7.889	212,50	2,69
2015	8.052	210,00	2,61
2016	8.206	206,00	2,51
2017	8.471	209,75	2,48
2018	8.995	216,75	2,41
2019	9.485	223,20	2,35



Ef miðað er við að íbúar Svfél. Árborgar árið 2020 verði um **10.000**, og hlutfall milli íbúafjölda og kenndra klst. það sama og t.d. árið 2014, ættu klst. að vera **269** (56 klst. viðbót).

Við reiknum ekki með svo mikilli fjölgun í einu lagi til ársins 2020, en mikilvægt að halda alla vega í við íbúafjölgunina svo ekki safnist of margir nemendur á biðlistann. Ef aðeins er miðað við að sama hlutfall haldist milli íbúafjölda og klstfjölda og í ár, ættu klst. að vera **235**, eða 12 klst. viðbót. milli árana 2019 – 2020.

**Biðlisti.**

Nemendur sem ekki komust að í haust í Sveitarfélaginu Árborg (2019 – 2020), eru 24 talsins.

**Óskað er eftir um 15 - 20 klst.** aukningu á kennslukvóta í Sveitarfélaginu Árborg frá hausti 2020.

**Kostnaður.** Hver klukkustund kostar um 667.000 kr. á ári (mv. núverandi kjarasamning, klukkustundafjölda og kostnaðaráætlun 2020). Aukning frá hausti 2020 svarar til 5/12 af því gjaldi = 277.917 kr./klst.

Með von um góðar undirtektir,

*Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*